

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000 (skipting þingsæta).

Flm.: Viktor Orri Valgarðsson, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson,
Smári McCarthy, Halldóra Mogensen,
Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Jón Þór Ólafsson.

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:
Þingsæti eru 63 og skiptast þannig milli kjördæma:

| | |
|------------------------|---|
| Norðvesturkjördæmi | 6 þingsæti, öll kjördæmissæti. |
| Norðausturkjördæmi | 8 þingsæti, þar af 7 kjördæmissæti og 1 jöfnunarsæti. |
| Suðurkjördæmi | 9 þingsæti, þar af 8 kjördæmissæti og 1 jöfnunarsæti. |
| Suðvesturkjördæmi | 16 þingsæti, þar af 14 kjördæmissæti og 2 jöfnunarsæti. |
| Reykjavíkurborg | 12 þingsæti, þar af 10 kjördæmissæti og 2 jöfnunarsæti. |
| Reykjavíkurborg norður | 12 þingsæti, þar af 10 kjördæmissæti og 2 jöfnunarsæti. |

Þrátt fyrir 1. mgr. getur landskjörstjórn breytt fjölda kjördæmissæta í hverju kjördæmi í samræmi við 9. gr.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Eftir hverjar alþingiskosningar skal landskjörstjórn skipta kjördæmissætum milli kjördæma fyrir næstu þingkosningar. Þingsætum, að meðtöldum jöfnunarsætum skv. 1. mgr. 8. gr., skal skipt í réttu hlutfalli við tölu kjósenda á kjörskrá að baki hverju þingsæti í nýafstöðnum kosningum. Stærstu leifar ráða úthlutun síðustu þingsæta.

Við skiptingu þingsæta skv. 1. mgr. skal þess þó gætt að ekkert kjördæmi hljóti færri en sex kjördæmissæti, sbr. 3. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

Landskjörstjórn auglýsir skiptingu þingsæta í Stjórnartíðindum jafnskjótt og hún hefur verið gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 140. löggjafarþingi (740. mál) og á 141. löggjafarþingi (213. mál) og var þá Þór Saari 1. flutningsmaður.

Með frumvarpinu eru lagðar til grundvallarbreytingar á kosningalögum. Lögð er til ný skipting þingsæta milli kjördæma. Ekki eru gerðar breytingar á kjördæmaskipaninni sjálfri

heldur eru kjördæmin l tin halda s r.  etta er gert    eim tilgangi a  n  fram fullum j fnu i   v gi atkv  a auk  ess a  tryggja auki  gegns ei kosningareglanna. Me   essum breytingum er tryggt a   ll frambo  standa j fn a  v gi   hverju kj rd mi fyrir sig.